

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2004

1. september 2004

1831

Nr. 723

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, Sultartangalína 3, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 1. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýrri 400 kV háspennulínu, Sultartangalínu 3, á óbyggðu svæði um 50-60 m norðan við núverandi Sultartangalínu 1.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 1. september 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

1. september 2004

Nr. 724

AUGLÝSING

vegna riðu í Árnessýslu.

1. gr.

Sýkt svæði eru: Ölfus, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Bláskógabyggð að undanskildum Laugardal og Þingvallasveit.

Áhættusvæði eru: Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Hraungerðishreppur, Árborg, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð að undanskildum Biskupstungum.

Gutenberg

2. gr.

Bann er í allri Árnæssýslu við flutningum á sauðfé og geitum til lífs milli hjarða. Sameiginlegar hrútasýningar eru bannaðar.

Á ósýktum svæðum og áhættusvæðum getur héraðsdýralæknir veitt undanþágu til samnýtingar hjarða á nágrennbæjum, enda verða hjarðirnar þá reiknaðar sem ein smiteining og báðar felldar ef upp kemur riða.

3. gr.

Bann er við sölu og flutningi á heyi, hálmi og túnþökum frá bæjum þar sem riða hefur komið upp sl. 20 ár.

Héraðsdýralæknir getur á sýktum og áhættusvæðum veitt leyfi til sölu á heyi, hálmi og þökum af túnum (jörðum) þar sem hvorki hefur gengið fé né verið borinn á sauðfjárskítur síðustu tíu árin með þeim skilyrðum að:

- a. hey sé allt í plöstuðum stórböggum eða rúllum,
- b. þökur séu aðeins notaðar á svæðum þar sem sauðfé kemst ekki að.

4. gr.

Bannað er að hafa fjárhús eða hýsa fé í hesthúshverfum í Árnæssýslu nema með leyfi héraðsdýralæknis. Hrossataði úr hesthúshverfum skal ráðstafað í samráði við héraðsdýralækni og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun til reglugerðar nr. 651/2001 um útrýmingu á riðuveiki og bætur vegna niðurskurðar og með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsingin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um skilgreiningu línubrjótafjár í Árnæssýslu.

1. gr.

Að fengnum tillögum yfirdýralæknis hefur landbúnaðarráðherra ákveðið að í Árnæssýslu skuli frá og með haustinu 2004 farga öllu sauðfé sem kemur fyrir í réttum utan sinna heimarétta sbr. 2. gr.

Allt sauðfé sem kemur fyrir utan sinna heimarétta verður flutt beint í sláturhús, lömb lögð inn hjá skráðum eiganda en fullorðið fé bætt sem um línubrjóta væri að ræða.